



OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II

ROLEX

M

MICHELSÉN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. apríl 2014 | 29. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

GÖNGUM
HREINT
TIL VERKS!

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



ENGINN ÖRUGGUR Á INTERNETINU

- Viðtal við Harald Bjarnason, framkvæmdastjóra Auðkennis
- Tölvuárásir eru orðnar stór iðnaður sem sýgur til sín hugvít
- Rafræn skilríki eru öruggasti kostur auðkenningar á netinu

SÍÐA 6 - 7

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Vill meira en ellefu milljarða

Þorsteinn Friðriksson, framkvæmdastjóri Plain Vanilla, myndi ekki selja fyrirtækið fyrir eitt hundrað milljónir dala, jafnvirði um 11,2 milljarða króna. Hann sagðist tilbúinn til að hugsa um málið fyrir einn milljarð dala.

Þetta kom fram í viðtali við Þorstein á sjónvarpsstöðinni Fox Business. Í viðtalinu var Þorsteinn spurður út í leik Plain Vanilla, QuizUp, og samstarf við fyrirtæki eins og HBO. Þorsteinn sagði QuizUp vera að þróast í að verða samfélagsmiðill. Spurður um tekjur Plain Vanilla benti Þorsteinn á að engar auglýsingar eru í leiknum. Fyrirtækið væri hins vegar í samstarfi við önnur fyrirtæki um spurningaflokka sem greitt er fyrir.



- skó

Netflix hækkar áskriftargjald

Efnisveitan Netflix hefur tilkynnt hækkun á mánaðargjaldi til nýrra áskrifenda. Tekjur veitunnar námu rúmlega einum milljarði Bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi. Það jafngildir um 112 milljörðum króna, en um 48 milljónir áskrifenda eru að þjónustunni á heimsvísu. Áskriftargjaldið hækkar um einn til tvo Bandaríkjadali á mánuði, eftir búsetu, og tekur gildi í lok annars ársfjórðungs. Þeir sem eru nú þegar áskrifendur munu greiða sama gjald og áður næstu tvö árin. Tekjum af hækkuninni er ætlað að fjármagna kaup á meira efni.

- hva

Hagnaður McDonalds minnkar

Hamborgarakeðjan McDonalds hagnaðist um 1,2 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 134,3 milljarða króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hagnaðurinn dróst saman um 5,3 prósent samanborið við fyrsta ársfjórðung 2013. Verri afkomu má meðal annars rekja til veitingastaða fyrirtækisins í Bandaríkjunum þar sem sölutölur drógust saman um 1,7 prósent. Í tilkynningu McDonalds um áhrslutauppgjörið er samdráttur í sölu sagður tengjast slæmu vetrarveðri vestanhafs og aukinni samkeppni skyndibitafyrirtækja á morgunverðarmarkaðinum.

- hg

Sjónmælingar í Optical Studio


Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind
sími 5288500

Optical Studio í Keflavík
sími 4213811

Optical Studio í Leifstöð
sími 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

2
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

8
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

4
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

FJARSKIPTI
19,3% frá áramótum

N1
2% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

BANK NORDIC
-15,4% frá áramótum

SJÓVÁ*

-1,7% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	144,00	-5,9%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	110,00	-15,4%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	240,00	-8,4%	-0,4%
Fjarskipti (Vodafone)	32,50	19,3%	-0,8%
Hagar	41,95	9,2%	0,0%
Icelandair Group	17,80	-2,2%	1,4%
Marel	113,00	-15,0%	-0,9%
N1	17,75	-6,1%	2,0%
Nýherji	3,50	-4,1%	0,0%
Reginn	16,20	4,2%	-1,2%
Sjóvá*	13,21	-2,1%	-1,7%
Tryggingamiðstöðin	29,00	-9,5%	-0,3%
Vátryggingafélag Íslands	9,43	-12,6%	-0,2%
Össur	253,00	10,5%	-1,2%

*Breyting frá útbóði 11. apríl 2014.

Úrvalsvisitalan OMXI6 1.184,72 -5,9% 0,1%

First North Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	20,00	50,9%	0,0%
HB Grandí	31,00	40,9%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	0,0%	0,0%

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 23. apríl

- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vinnumarkaður í mars 2014
- Verðmæti sjávaraflla janúar-desember 2013
- Visitala byggingarkostnaðar fyrir maí 2014
- Mannfjöldinn á 1. ársfjórðungi 2014

Föstudagur 25. apríl

- Fjöldi útgefna vegabréfa
- Visitala kaupmáttar launa í mars 2014
- Visitala lífeyrisskuldbindinga í mars 2014
- Mánaðarleg launavísitala í mars 2014
- Greiðsluöfnunarsíðan í maí 2014

Mánudagur 28. apríl

- Nýskráningar og gjaldprot í mars 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Þriðjudagur 29. apríl

- Aðalfundur Sjóvá
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í mars
- Vísitala neysluverðs í apríl 2014
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
- Össur – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt
- Vís – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt

Miðvikudagur 30. apríl

- Vöruskipti við útlönd
- Vísitala framleiðsluverðs í mars 2014
- Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2014
- Nýherji – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt
- Icelandair Group – Uppgjör 1. ársfjórðungs kynnt

Samtök iðnaðarins segja nýjar tölur sýna að engin þensla sé að myndast á íbúðamarkaði:

Nýjar íbúðir anni ekki eftirspurn

Samtök iðnaðarins (SI) sjá engin merki um þenslu á íbúðamarkaði. Fjöldi íbúða í byggingu er samkvæmt nýrri talningu samtakanna töluvert undir árlegri þörf markaðarins.

„Ef horft er til þess að 1.500-1.800 íbúðir þurfi árlega ættu rúmlega þrjú þúsund íbúðir að vera í byggingu núna en þær eru einungis 2.017 á öllum byggingarstigum. Er þá miðað við að bygg-

ingartími sé 24 mánuðir,“ segir í frétt á vef SI.

Þar segir að 891 íbúð, á nokkrum byggingarstigum, frá fókheldum til fullbúinna eigna, sé nú í byggingu.

„Síðustu ár hefur megináherslan verið lögð á stærri eignir og hefur það skapað þörf fyrir smærri eignir. Þetta kom berlega í ljós fyrir stuttu þegar 25 litlar íbúðir án bílakjallara seldust upp á einum sólarhring,“ segir í frétt SI. -hg



FRAMKVÆMDIR Rúmlega tvö þúsund íbúðir á öllum byggingarstigum eru nú í byggingu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Rammi keypti 22,5% í Primex á Siglufirði

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur selt Ramma hf. eignarhlut sinn í Primex ehf. Útgerðarfyrirtækið á nú 72,86 prósent hlut í líf-tækniyrirtækinu. Primex vinnur efnið kítósan úr rækjuskel.

LÍFTÆKNI

HARALDUR GUÐMUNDSSON | HARALDUR@FRETABLAÐIÐ.IS

Útgerðarfyrirtækið Rammi hf. í Fjallabyggð hefur keypt 22,5 prósent hlut Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í siglfirsku líf-tækniyrirtækinu Primex ehf.

Kaupverðið er trúnaðarmál. Rammi á nú 72,86 prósent hlut í fyrirtækinu en Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað á um 14 prósent og Samherji hf. á Akureyri tæp átta prósent.

„Við ætlum að halda áfram á sömu braut, sem felur í sér þróun og útflutning á vörum Primex til Asíu, Ameríku og Evrópu,“ segir Ólafur Helgi Marteinson, framkvæmdastjóri Ramma og Primex.

Líf-tækniyrirtækið var stofnað á Siglufirði árið 1997 og þar starfa nú fjórtán manns. Fyrirtækið vinnur efnið kítósan úr rækjuskel. Efnið er notað í vörur á borð við lyf, fæðubótarefni, smyrsl, snyrtivörur og matvæli. Heimsþekkt fyrirtæki á borð við Loréal, Wella og Herbalife eru á meðal viðskiptavina Primex. Yfir milljarði króna hefur verið varið í uppbyggingu verksmiðju fyrirtækisins á Siglufirði, í rannsóknir, þróun og markaðsstarf.

Primex hagnaðist um rúmar 82 milljónir króna árið 2012 og 43 milljónir árið áður. Eigið fé var jákvætt um 259,7 milljónir króna



KÍTÓSAN Primex framleiðir meðal annars megrunarvörur og vörur undir merkjunum LipoSan og ChitoClear. MYND/PRIMEX

við árslok 2012, samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins.

„Það var hagnaður í fyrra en hann var minni en árið 2012,“ segir Ólafur, spurður um afkomu fyrirtækisins.

„Það sem hamlar vexti okkar helst er að við þurfum meira hráefni. Við tökum rækjuskel frá öllum verksmiðjum á Íslandi nema einni en þessi hráefnisskortur tengist aðallega því hversu lítil rækjuveiði er við Ísland,“ segir Ólafur. Hann segir innflutning á rækjuskel í skoðun.

Helga Valfells, framkvæmda-



HELGA VALFELLS

stjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, segir sjóðinn hafa verið virkan þátttakandi í starfi Primex um langt skeið. „Við vorum búin að vera þarna frá 1998 og áhættan sem fylgir fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum hafði minnkað. Þannig að okkar hlutverki var lokið og nú getum við notað söluandvirðið í aðra hluti,“ segir Helga.

Fyrirtæki í eigu LinkedIn kynnti í síðustu viku app sem um 50 þúsund manns hafa þegar hlaðið niður:

Nýtt app SlideShare í 188 löndum

Um fimmtíu þúsund farsímaeigendur hafa hlaðið niður nýju appi bandaríska fyrirtækisins SlideShare. Appið gerir notendum kleift að skoða kynningar-glærur og önnur skjöl í farsímum.

Fyrirtækið, sem er í eigu LinkedIn, gaf appið út miðvikudaginn 16. apríl síðastliðinn og hóf þá dreifingu um allan heim.

„Viðtökur notenda fyrstu vikuna hafa verið mjög góðar og appið er með 4,4 stjörnur í Google Play, sem er það hæsta sem nokkurt app í LinkedIn-fjölskyldunni er með,“ segir Andri Heiðar Kristinsson, þróunarstjóri hjá SlideShare.

„Á þessum fyrstu dögum hafa notendur náð sér í appið frá flestum löndum í heiminum, alls frá 188 löndum.“

Andri bætir því við að fyrirtækið ætli, í ljósi góðra undirtekta, að fara í frekari kynningu og markaðssetningu á næstu vikum. SlideShare rekur einnig stærstu vefsíðu sinnar tegundar með um 70 milljónir notenda.

-hg / fbj



Í HÖFUÐSTÖÐVUNUM Andri segir markmiðið að ná inn tíu milljónum notenda á fyrsta árinu. MYND/ADSEN

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

Svíþjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.
Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.
Þetta er heimili Volvo XC60. Bíll sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.
Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60



VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.
VOLVO.IS

**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSLVÉL
MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI**

OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hð, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO₂ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgraininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á



Viltu skipta um g

Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarka

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lýsingar er nýr kostur á markaðnum** sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.



Tryggingar



Vegaaðstoð



Eldsneyti



Viðhald og viðgerðir



Fjármögnun



Dekkjaþjónusta



Lánsbíl



Þjónusta



Ír á markaðnum?

Þó kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Flotaleiga Lýsingar - Traustur pakki

Einbeittu þér að því sem þú gerir best

Áhyggjulaus rekstur bílaflotans, við stöndum vaktina með þér.

Þú veist hvað þú greiðir

Föst mánaðargreiðsla í allt að þrjú ár.

Sveigjanleiki

Það er hæðgarleikur að breyta samningstíma.

Þú nýtur stærðarinnar

Hagkvæmni sem skapast við stærð Lýsingar skilar sér til þín í lægri greiðslu.

Nýir bílar nýttast best

Með nýjum bílaflota nærðu aukinni hagkvæmni í rekstri og minni röskun verður á daglegri starfsemi.

Einföld verðskrá

Allur kostnaður við almennan akstur og þjónustu er innifalinn.

Frábær yfirsýn

Viðskiptavinir, sem þess óska, fá aðgang að upplýsingum úr ökurita sem auðveldar stýringu og eftirlit með stærri flota.

Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar á lysing.is



TÖLVUÞRÍÓTAR ERU IÐNADAR-MENN Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis, segir iðnaðinn í kringum tölvuárásir fara sífellt stækkandi, þar starfi fólk í hefðbundinni dagvinnu við það eitt að gera árásir á aðra.




Við erum aldrei 100 prósent örugg á ne

Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Auðkenni, sem gefur út rafræn skilríki í samstarfi við ríkið og tölvuárásir vera að stækka mikið. Mikil verðmæti séu geymd á internetinu og grípa þurfi til aðgerða til að upplýsingar

VIÐTAL

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Auðkenni er félag sem var stofnað árið 2000 af bönkunum og fleirum til þess að stuðla að bættu öryggi á netinu og sinna öryggismálum fyrir þessa aðila.

Haraldur Bjarnason er framkvæmdastjóri Auðkennis sem hefur verið í samstarfi við ríkið, banka og nú nýlega símafyrirtækin, til að tryggja rafrænt öryggi með sem bestum hætti. Haraldur segir venjulegt fólk sífellt eiga á hættu að verða fyrir árásum tölvuþrjóta sem starfa á sívaxandi svörtum markaði við slíkar árásir. Ástæðan er sífellt meira magn af verðmætum sem við geymum á netinu.

Fyrirtækið er hvað þekktast fyrir auðkennislykilinn svokallaða sem var notaður til að bæta öryggi í netbönum, en fyrirtækið hefur fært sig yfir í rafræn skilríki í samstarfi við ríkið og banka og hefur starfað við þá innleiðingu síðan á árinu 2007.

En hvaða upplýsingar eigum við að vera hrædd um að komist í rangar hendur og hvernig gerist það?

Persónuupplýsingar til sölu

„Það eru aðallega tvenns konar leiðir til að komast yfir upplýsingar annarra. Í fyrsta lagi svokölluð innbrot í þjónustuveitur, en það er ekkert sem einstaklingar geta gert í slíkum tilfellum. Þar er miklu magni af notendaupplýsingum stolið. Þessi tegund innbrota hefur aukist mikið síðustu ár, til dæmis var brotist inn hjá Playstation Network, þar sem notendaupplýsingum á borð við notendanöfn, lykilorð og kreditkortaupplýsingar var stolið. Þarna er verið að nýta sér veikleika hjá þjónustuaðilanum. Marg-

ir aðilar hafa lent í þessu eins og til dæmis LinkedIn, Adobe, Vodafone Ísland og aðrir,“ segir Haraldur.

Hann segir þessar upplýsingar þá ýmist til sölu eða stolið í einhverjum öðrum annarlegum tilgangi, allt frá pólitískum til fjárhagslegs.

„Þessi iðnaður er að stækka mikið af því að þarna eru svo mikil verðmæti,“ segir Haraldur.

Hann segir hina leiðina vera svokallaðar „beinar árásir“ á einstaklinga. Annars vegar á marga í einu, sem sé vel þekkt. „Þá er kannski búið að setja einhverja veiru á netið, en í skýrslu sem kom nýlega út kom í ljós að í kringum 85 prósent af svæðum eða síðum sem eru að sýkja fólk með einhverjum óværum eða vírus koma frá bara „löglegum“ síðum, það er að segja síðum sem fólk fer fullkomlega grunlaust inn á og treystir algerlega. Sem dæmi þá komust aðilar í fyrra inn á heimasíðu NBC-fréttastofunnar og notuðu þá síðu til að dreifa vírus. Fólk fór einfaldlega inn á fréttasíðuna og þá sýktist tölvan þeirra. Í þessu tilfelli fékk fólk lítinn hugbúnað inn á tölvuna sína sem var notaður til þess að stela bankaupplýsingum í gegnum netbanka, stela notendanöfnum og lykilorðum, og þegar fólk síðan fór inn á heimabankana sína þá gátu þeir notað upplýsingarnar og stolið peningum,“ segir Haraldur.

Hann segir fólk oft halda að svona óværu komist bara inn í tölvurnar í gegnum síður sem það myndi skammast sín fyrir að fara inn á en svo sé aldeilis ekki.

„Svona er staðan hérna á Íslandi líka, það er fullt fullt af síðum sem eru að dreifa einhverju svona, án þess menn viti endilega af því, það getur verið í rauninni hver sem er,“ segir Haraldur.

Hann segir svona beinar árásir einnig geta beinst gegn ákveðnum einstaklingum, þær séu vel þekktar

í fjármálageiranum þar sem auðugt fólk er sigtað út svo hægt sé að hafa af því fé í gegnum netið.

9-5 vinna við tölvuárásir

„Þessi iðnaður er að stækka svo rosalega, það er til fólk sem mætir bara í nú til fimm vinnu úti í löndum bara til að gera árásir. Það er orðinn til svo rosalega mikill peningur á netinu, við erum búin að setja svo mikið af verðmætum þangað, hvort sem það er beint eins og á netbönum eða bara viðskipta- eða iðnaðarupplýsingar eða hvað sem er. Svo er þetta einnig gert til að skemma orðspor aðila, ábatinn er svo rosalega mikill. Það fer fullt af kláru fólki, mikið hugvit í þennan bransa til að komast í öll þessi verðmæti. Þessi heimur er sem fyrr segir mikið að stækka og þetta er náttúrulega heimur án landamæra. Þú getur gert hvað sem er hvar sem er,“ segir Haraldur.

Gefa sér að allar tölvur séu sýktar

Enisa, sem er öryggisstofnun Evrópusambandsins í netmálum, ráðlagði bankastofnunum í skýrslu árið 2012 meðal annars að gera alltaf ráð fyrir því að allar vélar sem notaðar eru af viðskiptavinum væru sýktar með einhverjum veirum og því þyrfti að byggja upp allar varnir með það í huga. „Þjónustuaðilar eiga að gera ráð fyrir því að allt umhverfi sé sýkt af einhverjum veirum og byggja varnir sínar upp þannig. Þetta er bara orðið það erfitt og algengt að þetta er eina ráðleggingin – allt er sýkt. Og þetta er bara að aukast. Það er svo rosalega mikið af verðmætum sem hægt er að ná í með þessum hætti að það þarf svo lítið brot til að það borgi sig,“ segir Haraldur.

Hann segir svarta markaðinn

með þessar upplýsingar vera mjög aðgengilegan. „Þú getur keypt þér netárás, bara með kreditkort. Getur keypt þér galla eða veikleika sem fundist hafa í hugbúnaði eða stýrikerfi, til að nýta þér til að gera árás. Það er erfitt fyrir fólk að sjá þetta, það þarf að passa að uppfæra alltaf tölvuna sína til að koma í veg fyrir að einhver geti nýtt sér veikleika sem komið hafa í ljós til að komast í tölvuna,“ segir Haraldur.

Purfum að hlaupa hraðar en aðrir

Hann segir einstaklinga og samfélagið geta gert ýmislegt til að verja sig. „Við getum byggt upp okkar varnir þannig að við séum minna áberandi og aðlaðandi fyrir þessa aðila, þegar allt kemur til alls eru þetta bara „business“-menn að meta hvar hagstæðast sé fyrir þá að gera árás, hver ábatinn sé og hver kostnaðurinn sé. Ef það er erfiðara að gera árás hér frekar en annars staðar þá fara þeir bara eitthvert annað. Við sem samfélag getum gert mjög margt til að tryggja að við séum öruggari en aðrir. Við verðum aldrei 100 prósent örugg, þetta þróast svo hratt, það eina sem við getum gert er að reyna að hlaupa hraðar en aðrir sem samfélag,“ segir Haraldur.

Rafrænu skilríkin öruggust

Hann segir rafrænu skilríkin virka þannig að þau séu almennt talin öruggasta auðkenningarleiðin, notandinn er alltaf með auðkennið á sér, hvort sem það er í debetkorti eða SIM-kortinu á símanum. „Það er ekkert hægt að ræna því miðlægt, eins og til dæmis það sem gerðist hjá Vodafone þar sem auðkennin fóru öll á flakk. Lykilorðið er alltaf hjá not-

andanum og varið mjög vel,“ segir Haraldur.

Hann segir þó að í sumum tilfellum skipti auðkenningin engu máli. „Ef það er einhver inni í tölvunni hjá þér eru þessar varnir allar jafn öruggar – eða óöruggar,“ segir Haraldur.

Aðspurður um það hvað svona aðilar hafa að gera með upplýsingar fólks frá samskiptasíðum eins og Facebook eða Snapchat, sem báðar hafa orðið fyrir svona árásum, segir Haraldur að hægt sé að nota svona einstaklingsupplýsingar á ýmsan máta.

Ekki nota sama lykilorðið

„Fólk er oft að nota sömu lykilorðin á öllum þessum síðum og þá er hægt að nota þau til að gera árás annars staðar þar sem eru kannski verðmæti. Þetta er eitt af því sem fólk kannski áttar sig ekki á,“ segir Haraldur. Hann segir glóru-laust að nota sama lykilorðið á til dæmis Facebook og í netbankanum, þó manni geti verið sama um hver komist inn á samfélagssíður þá gildir ekki hið sama um heimabankann. Þá sé það einnig þekkt að einkaupplýsingar séu notaðar til þess að kúga fólk ef það er hægt.

„Sumar veitur eins og til dæmis Facebook og Google bjóða upp á tveggja kerfa varnir, þannig að þú þarft til dæmis alltaf að fá einnota lykilorð sent með sms-skilaboðum ef þú ferð inn á þessar veitur í tölvu sem þú hefur ekki notað áður, auk þess að slá inn notendanafn og lykilorð,“ segir Haraldur.

40 þúsund nota rafræn skilríki

Hann segir nú þegar 250 þúsund Íslendinga komna með debetkort sem innihaldi rafrænt skilríki. Þar af eru 40 þúsund einstaklingar búnir að virkja skilríkin sem slík.

„Það er hægt að nota þau núna

Hvað eru rafræn skilríki?

Rafræn skilríki eru skilríki í rafrænum heimi. Þau geta verið á ólíkum miðlum og notuð í ýmsum tilgangi. Mikilvægt skref í almennri notkun fólks og fyrirtækja á rafrænum skilríkjum á Íslandi er útgáfa rafrænna skilríkja á debetkortum. Rafræn skilríki sem gefin eru út á debetkortum uppfylla íslenskar og evrópskar laga-reglur og eru liður í því að auka öryggi og trúnað í rafrænum samskiptum.

Skilríkin byggja á öruggustu tækni sem þekkt er í heiminum og miða að því að auka öryggi í rafrænum samskiptum. Með rafrænum skilríkjum er hægt að auðkenna sig og undirrita skjöl rafrænt. Rafræn skilríki er hægt að nota til auðkenningar og undirskriftar. Auðkenning með rafrænum skilríkjum kemur í stað notkunar á notandanafni og lykilorði. Sömu skilríki eru notuð til auðkenningar hjá öllum sem bjóða upp á auðkenningu með rafrænum skilríkjum. Ekki þarf að muna sérstakt notandanafn og lykilorð fyrir hvern og einn, aðeins eitt PIN-númer.

Þegar borin er saman hætta á árásum þegar upplýsingar eru varðar með rafrænum skilríkjum annars vegar og einungis notandanafni og lykilorði hins vegar kemur í ljós að hættan með notandanafni og lykilorði er talsvert miklu meiri heldur en þegar notast er við rafræn skilríki. Hættan á því að einhver komist yfir notandanafn og lykilorð er flokkuð í hæsta áhættuflokk en rafræn skilríki eru ein þau öruggustu sem notuð eru.



tinu

flleiri, segir iðnað við séu sem öruggastar.

“Þetta þróast svo hratt, það eina sem við getum gert er að reyna að hlaupa hraðar en aðrir sem samfélag.

hjá yfir 70 þjónustuaðilum á netinu, skattinum til dæmis og rafrænni Reykjavík. Rafrænu skilríkin almennt getur þú notað hjá yfir 120 þjónustuaðilum. Hugsunin er að vera með eitt lykilorð að öllu. Fólk getur valið einhverja af þessum leiðum til að vera öruggari,” segir Haraldur.

Samstarfið lykilatriði

Hann segir samstarfið við ríkið, bankastofnanir og fleiri aðila vera lykilatriði. „Það er svo rosalega dýrt og stórt mál að koma svona samstarfi á, fá heila þjóð til að mæta á staðinn, gera grein fyrir sér og sækja þessi skilríki. Eina leiðin er að allir vinna saman. Þá er hægt að nota sama auðkennið við að sækja þjónustu hvort sem er hjá ríki eða bönkunum eða hvar sem er. Þetta er ekkert hægt alls staðar, Bandaríkjamenn til dæmis gætu ekki gert þetta, þeir vita ekki hvað helmingurinn af þjóðinni heitir, hvað þá að íbúar séu með kennitölur. Þetta getum við og ættum að notfæra okkur,” segir Haraldur.

Hann segir aðalatriði að gera Ísland minna aðlaðandi fyrir þessa óprúttu aðila. „En það er ljóst að árásin á Vodafone hefur vakið athygli aðila á Íslandi, þetta var „wake up call“ fyrir okkur. Því oftast sem svona atvik koma upp þeim mun meiri athygli veita svona aðilar okkur,” segir Haraldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

PEUGEOT 208 NAVI

MEÐ LEIÐSÖGUKERFI OG ÍSLANDSKORTI

www.peugeot.is



Mýndin sýnir Peugeot 208 í ljúru ljósi.

TAKMARKAÐ MAGN

PEUGEOT 208 NAVI

TILBOÐSVERÐ KR.

2.590.000

LISTAVERÐ KR. 2.935.000



Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 3,3 til 4,5L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá 85 til 104.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagördum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

GREIPUR GÍSLASON

Við erum frekar illa stödd í framleiðslu hönnunar

Greipur Gíslason er verkefnastjóri hjá hönnunarhátíðinni Hönnunarmars sem haldin var hátíðleg í lok síðasta mánaðar.

Íslenskir hönnuðir og arkitektar komu saman á hátíðinni sem spannar langa helgi og boðið er til ótal viðburða innsetninga og sýninga. Á hátíðinni er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi.

Þá er haldin svokölluð kaupstefna eða DesignMatch þar sem íslenskum hönnuðum gefst kostur á að hitta alþjóðlega kaupendur.

Greipur fer yfir Hönnunarmars, gildi hans og fjárhagslega þýðingu ásamt því að ræða nýja hönnunarfetnu stjórnvalda sem nýlega var gefin út og hvaða áhrif hún mun hafa í nýjasta þætti Klinksins sem má sjá á forsíðu Vísis.

klínkið

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Vitalið við Greip Gíslason má sjá í þættinum **Klínkinu** á www.visir.is.

- Yfir tíu prósent þjóðarinnar sækja Hönnunarmars.
- Um 300 til 400 hönnuðir taka þátt á ári hverju.
- Skjólstæðingar Hönnunarmiðstöðvar eru yfir 1.000 í ýmsum félögum hönnuða.
- Hönnunarmars er hátíð allrar hönnunar, allt frá textíl og fatahönnun til arkitektúrs, gullsmíða, grafískrar hönnunar og svo framvegis. Sviðið er gríðarlega víðfeðmt.

DesignMatch – Kaupstefnumót

„Hugmyndin er að reyna að búa til viðskiptasamband, annaðhvort tekur fyrirtækið hönnuðinn upp á sína arma og felur honum að hanna eitthvað sem fyrirtækið vantar í sína vörulínu eða tekur eitthvað sem hönnuðurinn hefur þegar gert og setur í alþjóðlega dreifingu. Þetta hefur verið algjörlega 50/50 hingað til. Það er umhugsunarfni fyrir okkur hér á Íslandi að mjög stór hluti af virðisaukanum sem verður til við þessi viðskiptasambönd verður til erlendis vegna þess að hér er ekki framleiðslugeta. Við erum frekar illa stödd í framleiðslu hönnunar. Þetta stendur greininni og íslenskum iðnaði fyrir þrifum.“

„Okkar helsta markmið er að koma sem flestum í skilning um að hönnuðir geta hjálpað til á mjög mörgum sviðum, ekki bara við að teikna stólana sem við sitjum í. Hönnunarferlið og hugsunarfni hönnuða og það sem þeir hafa lært er orðið mjög eftirsóknarvert inn í kerfi stórra og lítilla fyrirtækja, jafnvel ríkja og borga.“

Vitið þið hversu miklum verðmætum við missum af vegna þess að við höfum svona takmarkaða framleiðslugetu hérlandis?

„Nei, því miður. Það er kannski næsta skref og þess er getið í hönnunarfetnunni að það þarf að fara að skrásetja meira veltu og hagræn áhrif þessara greina, við erum hluti af þessum skapandi greinum, það er búið að gera forrannsóknir á því. Við viljum auðvitað gera meiri rannsóknir – þetta eru tölur sem okkur vantar.“

„ÉG HELD AÐ HÖNNUNARMARS SÉ EKKI SÍST ÆTLAÐUR TIL AÐ STUÐLA AÐ VITUNDARVAKNINGU UM ÍSLENSKA HÖNNUN OG ÞAU TÆKIFÆRI SEM ÞAR ERU OG ÞÁ ERUM VIÐ EKKI BARA AÐ TALA UM DISKAMOTTUR EÐA GLASBAKKA SEM MARGIR TENGJA VIÐ ÍSLENSKA HÖNNUN, ÞESSA GJAFAVÖRU, HELDUR LÍKA UM ÞAU TÆKIFÆRI SEM FELAST Í HENNI Á STÓRA SKALANUM.“

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Styður Njarðvíkurliðin og Barcelona

Margrét Sanders, formaður SVP og framkvæmdastjóri hjá Deloitte, hefur starfað hjá fyrirtækinu síðastliðin fimmtán ár. Hún lærði íþróttafreði, lauk MBA-námi frá WCU í Norður-Karólínu og elskar spænska fótboltann.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Núna boða stjórnvöld miklar breytingar sem tengjast verslun og þjónustu eins og niðurfellingar á vörugjöldum, lækkun á tollum og samning með landbúnaðarvörur erlendis. Það eru því spennandi tímar fram undan,“ segir Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu (SVP) og framkvæmdastjóri hjá Deloitte.

Margrét var sjálfkjörin formaður SVP á aðalfundi samtakanna í mars. Hún tók þá við keflinu af nöfnu sinni Margréti Kristmannsdóttur, sem hafði verið formaður samtakanna frá 2009.

„Ég hef verið spurð hvort það sé ekkert að gera hjá mér í vinnunni fyrst ég gat tekið að mér formennsku hjá SVP. En svo er ekki. Þetta bætist bara við sem áhugamál en það er verra ef þetta fer að hafa áhrif á forgjöfina í golfinu,“ segir Margrét og hlær.

Hún sér um allt sem tengist daglegum rekstri Deloitte og hefur starfað hjá fyrirtækinu í fimmtán ár.

„Ég var ráðin eftir að ég flutti heim frá Norður-Karólínu þar sem ég lauk MBA-námi við Western Carolina University,“ segir Margrét. Þar áður hafði hún stundað háskólanám í Frakklandi, við Íþróttakenn-

araháskóla Íslands og Kennaraháskólann.

„Það sem gerir fyrirtækið frábært, og það var mjög mikil framsýni hjá eigendunum sem fyrir voru, er að menn voru á sínum tíma tilbúnir til að gera breytingar. Okkur tókst mjög vel að vinna saman við að byggja upp þetta stóra og öfluga fyrirtæki sem Deloitte er í dag með um 200 starfsmenn.“

Margrét ólst upp í Reykjanesbæ en er fædd á Ísafirði. Hún er Njarðvíkingur og dyggur stuðningsmaður Njarðvíkurliðanna í körfubolta.

„Við höfum verið að lána menn hingað og þangað um landið til að efla körfuboltaíþróttina,“ segir Margrét ánægð með sitt félag.

„Ég horfi einnig mikið á knattspyrnu og finnst það alveg ótrúlega skemmtileg íþrótt. Ég elska spænska boltann og ég held með Barcelona en eiginmaðurinn segir að þetta sé ekki almennilegur fótbolti.“

Margrét er gift Sigurði Guðnasyni, starfsmanni Tryggingamiðstöðvarinnar. Þau eiga saman tvö börn, Albert Karl, sem lést árið 2011, og Sigríði. Fyrir átti Sigurður dótturina Sylvíu Rós.

„Sigurður var áður að þjálfra í knattspyrnu. Hann þjálfaði meðal annars fótboltalið í yngri flokkum í Norður-Karólínu á sínum tíma, enda hefði hann ekki þolað að vera heimavinnandi húsfaðir.“



FORMAÐUR SVP Margrét var sjálfkjörin formaður samtakanna í mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Raunsæ og mikil keppnismanneskja



„Góður námsmaður og vinur er það fyrsta sem mér dettur í hug til að lýsa systur minni. Hún byrjaði ung í félagsmálum og einn af hennar styrkleikum er sá að hún er góður mannasættir. Margrét er bæði raunsæ og heiðarleg, sem er góð blanda með keppnisskapinu sem hún býr yfir í ríkum mæli. Þessir eiginleikar eiga örugglega eftir að koma sér vel hjá SVP. Við Margrét erum mjög góðar vinkonur og eigum mörg sameiginleg áhugamál. Eitt af því er golf sem við reynum að stunda eins mikið og mögulegt er. Fyrir fólk eins og okkur með mikið keppnisskap þá reynir stundum verulega á þolinmæðina hjá eiginmönnum.“

Jónína A. Sanders, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá ÁTVR.



„Við Margrét erum góðar vinkonur en við kynntumst þegar við unnum um árabíl saman hjá Deloitte. Margrét er frábær samstarfsfélagi og vinkona og hún er mjög hvetjandi, sem er mikill kostur. Hún er mikil keppnismanneskja, markmiðadrifin og framsýn. Hún hefur mikinn áhuga á að stuðla að umbótum í sínu nánasta umhverfi, sem og í samfélaginu í heild, en hún hefur lengi haft mikinn áhuga á ýmsum félagsmálum og stjórnsmálum og látið til sín taka á þeim vettvangi. Hún er traust og hefur gott lag á að fá fólk til að vinna með sér að því að ná árangri.“

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS.




Make it matter



étt Aðeins 1,49 kg þunn Aðeins 1,59 cm & sterk

HP EliteBook Folio 1040 G1
með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.



Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi. Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.



UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*



Léttu þér lífið.



Solid State diskur (SSD).



3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

**Kynntu þér EliteBook nánar á
www.ok.is**

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/ella öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið



Það er dapurt að vera ekki opnari fyrir mistökum í viðskiptalífnum:

Mistakist þér endilega

Drjúgur tími blaðamanna fer í að renna í gegnum yfirlýsingar og fréttatilkynningar um allt milli himins og jarðar. Þannig er ritstjórnarpóstur Markaðarins nánast alltaf sneisafullur af tilkynningum frá fyrirtækjum um stöðuhækkanir og ráðningar, nýjar fjárfestingar, góða rekstrarafkomu og metsölutilkynningar.



Markaðshornið

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@rettabladid.is

Það vantar sárlega, bæði í fjölmiðla og viðskiptalífið, sem og í þjóðarsálina, það viðhorf að mönnum megi mistakast.

Eins og gerist og gengur þá ratar sumt af þessu í blaðið – annað ekki. Eðli málsins samkvæmt er slík upplýsingagjöf mjög einhliða og hlutdræg. Í flestum tilvikum er máluð glansmynd af viðkomandi fyrirtæki sem á sér kannski ekki alltaf stóð í veruleikanum. Það heyrir alla vega til algjörra undantekninga að tilkynningar eða upphrópanir berist um misheppnaðar fjárfestingar, gjaldprot eða slaka afkomu. Samt gerist það á hverjum degi. Maður verður samt að sýna þessu ákveðinn skilning. Ekkert okkar vill viðra óhreina þvottinn sinn á almannaferi, af hverju ættu fyrirtækin eitt-hvað að vilja það frekar? Það reynist þannig oft erfitt að fá viðmælendur til að játa að eitt-hvað gangi illa. Kannski eru menn hræddir við að ef þeir láti vita að það sé erfitt hjá þeim þá láti nýjar fjárfestingar á sér standa. Viðskiptalífið er oft erfitt og viðkvæmt og það er skiljanlegt að menn vilji ekki glata tækifærum af því þeir voru heiðarlegir í fjölmiðlum um stöðu sína. Auðvitað er ekki hægt að gera þá kröfu að forsvarsmenn fyrirtækja hringi í fjölmiðla og segi frá mistökum sínum. Það er hlutverk

blaðamanna að finna af sjálfsdáðum þá misbrestir í rekstri fyrirtækja sem eiga erindi við almennig. Stundum tekst okkur það, stundum ekki. Eins og gengur. En mörg fyrirtæki eru oft svo lafhrædd við neikvæða umfjöllun að þau bregðast allt of harkalega við saklausum fyrirspurnum blaðamanna um hluti sem myndu alltaf flokkast sem smámál. Þessi ofsafengnu viðbrögð hafa síðan þveröfug áhrif; því þegar fyrirtæki reyna að fela misbrestina, svara með útúrsmúningum og misgáfuðum fjölmiðlafulltrúum þá fá blaðamenn strax á tilfinninguna að þarna sé stórfrétt á ferðinni, sem er heldur ekki rétt mynd af rekstrinum. Þannig getur hræðslan við neikvæða umfjöllun valdið fyrirtækjum mun meiri skaða en það að einfaldlega viðurkenna að mönnum hafi orðið á í messunni. Menn ná engum árangri án þess að þeir að minnsta kosti reyni.

En það kemur meira til. Viðmælandi Markaðarins sem vinnur sem yfirmaður í nýsköpunarfyrirtæki í Kaliforníu sagði í janúar skilning á mistökum á Íslandi vera lítinn, það væri áberandi í Kísildalnum hversu mikil þolinmæði væri fyrir því að mönnum mistakist, þar er það daglegt brauð að ný fyrirtæki „floppi“ sem leiði til þess að fjárfestar tapa einhverjum peningum. „Ef menn hætta „heiðarlega“ og fara „heiðarlega“ á hausinn eða leggja niður fyrirtæki þá er mjög mikill skilningur á slíku. Það er lítið á það sem góða reynslu að byrja síðan upp á nýtt,“ sagði viðmælandinn í janúar. Það er virkilega dapurt að við séum ekki opnari fyrir umræðu um mistök í viðskiptalífnum. Það vantar sárlega, bæði í fjölmiðla og viðskiptalífið, sem og í þjóðarsálina, það viðhorf að mönnum megi mistakast. Það að fá góða hugmynd, stofna fyrirtæki í kringum hana, selja hana síðan áfram og leggja grunn undir fyrirtæki sem menn vonast til að dafni, veiti fólki störf og skili sínu til þjóðfélagsins er löng vegferð og mun fleiri dyr lokaðar en opnar. Er ekki orðið tímabært að við viðurkennum þá staðreynd?

Mikill áhugi á því nýjasta og besta í námuiðnaði



TÆKNINÝJUNGAR Kaupsýslumenn, nemendur og námuverkamenn heimsóttu Expomin 2014-hátíðina í borginni Santiago í Síle í gær. Gert er ráð fyrir að yfir 80 þúsund gestir heimsæki hátíðina á næstu dögum. Hún mun standa fram á föstudag og yfir 1.600 sýnendur frá um 35 löndum munu þar kynna ný tæki og töl fyrir námuvinnslu og annan námuiðnað.

NORDICPHOTOS/IAFP

Afnám skuldafangelsis

SKOÐUN

Einar Gautur Steingrímsson
hæstaréttarlögmaður hjá
Lausnum lögmannsstofu



Gísli Tryggvason

héraðsdómslögmaður hjá VestNord lög-
mönnum og fyrrv. talsmaður neytenda



Í árslok 2010 setti Alþingi lög sem stytta fyrningarfrest krafna í kjölfar gjaldprotaskipta í tvö ár og að krafan yrði að jafnaði ekki endurvakin eftir það. Áður endurnýjaðist fyrningarfrestur kröfunnar við gjaldprotaskiptin. Kröfuhafi gat haldið kröfu við til æviloka skuldara. Lögin skyldu endurskoðast „innan fjögurra ára frá gildistöku“, þ.e. fyrir árslok 2014.

Þáverandi ráðherra dómsmála, Ögmundur Jónasson, hugðist breyta þessu. Undirritaðir áttu fund með ráðherra ásamt Lilju Mósesdóttur, þáverandi alþingiskonu, og aðstoðarmanni ráðherra, Einari Árna-

syni, og lögðu til rök fyrir því að breytingin væri bæði æskileg og færi ekki gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Réttur til framtíðartekna manns gæti ekki orðið stjórnarskrárvarin eign annarra enda þrælalöng löngu afnumið.

Á Ögmundur heiður skilinn fyrir þetta frumkvæði svo skömmu eftir að hann tók við ráðuneyti dómsmála. Höfundum er kunnugt um að breyting í þessa átt hafi mætt fyrirstöðu innan „kerfisins“.

Áframhaldandi réttarbætur

Megin tilgangur greinarinnar er annars vegar að upplýsa um þær réttarbætur, sem felast í lagabreytingunni, og hins vegar að mæla gegn því að lögunum verði breytt aftur til fyrra forfs; frekar mætti ganga lengra.

Afnám skuldafangelsis í raun

Gjaldprot felur í sér sameiginlega fullnustuaðgerð allra kröfuhafa þar sem jafnræði kröfuhafa er gætt. Allar eignir skuldara eru

þá seldar og skipt upp milli kröfuhafa. Gjaldprot er eðlilegur hluti markaðshagkerfis. Að því loknu ættu kröfur að afskrifast en ekki ætti að veita kröfuhöfum aðgang að framtíðartekjum manna vegna skulda fortíðar. Menn þurfa að sjá fyrir sér og sínum.

Með framangreindum réttarbótum hefur þetta verið gert að mestu. Sambærileg sjónarmið hafa ráðið löggjöf í Bandaríkjunum í meira en öld sem er stærsta hagkerfi í heimi og nú á Íslandi. Áður gat skuldari ekki ráðstafað tekjum framtíðar til að eignast eitthvað. Kröfuhafinn gat komist í þær eignir. Gamla hugsunin fól nánast í sér kröfu lánardrottins – jafnvel um ókomna tíð – í framtíðarafrahæfi einstaklings. Í raun hefur rétturinn til að afla tekna í framtíðinni í ýmsu vikið vegna krafna úr fortíðinni. Stappar þetta nærri skuldafangelsi að mati undirritaðra. Með lagabreytingunni nálgast löggjafinn fullnustuaðgerðir með nýrri hugsun. Kröfu-

hafar ganga að eignum skuldara og að því loknu hefur skuldari nýtt líf. Telja undirritaðir þetta mikla réttarbót og skynsamlega.

Dregið úr svartri vinnu

Við setningu laganna var talið hugsanlegt að innheimtuhlutfall skatta gæti hugsanlega lækkað eitthvað en varla umtalsvert. Í greinargerð með frumvarpinu sagði:

„Það sem kann þó að skipta meira máli er að minni tilhneiging kann að verða til svartrar vinnu til lengri tíma lítið vegna þess að einstaklingar komast fyrr út úr þeim fjárhagslegu aðstæðum sem knúði hafa þá í þrot. Þannig má ætla að þeim einstaklingum sem teknir hafa verið til gjaldprotaskipta takist fyrr að koma fjármálum sínum á réttan kjöl og taka þannig eðlilegan þátt í þjóðlífinu með öflun tekna og greiðslu skatta.“

Úr gjaldprotalögum:

Í 165. gr. gjaldprotaskiptalaga segir nú:

Protamaðurinn ber ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldprotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldprotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Þótt kröfu hafi ekki verið lýst við skiptin gildir þessi sami fyrningarfrestur um hana, enda fyrnist hún ekki á skemmri tíma.

Síðan er lýst takmörkuðum möguleikum á að endurvekja kröfurnar.

Með þessu fær skuldari samningsstöðu gagnvart kröfuhafa í stað þess að vera nánast ofurseldur skilmálum hans. Ekki eru efni til þess að hafa greinina lengri að sinni en full þörf er á að almenningi og hagsmunaaðilum sé ljós réttaráhrif gjaldprotaskipta á þeim einstaklingum. Þarfnast málið því frekari umræðu.

Hako
Clean ahead

Hafið samband við sölumenn eða þjónustuver RV sem veita nánari upplýsingar.

Hako sópar og sópvélar

– á vortilboði

Hako Profi-Flipper
Handhægur og góður sópur
Afköst: 2.300 m² á klst.

Hako Hamster 500E
Rafráfrin og afkastamikil sópvél
Afköst: 2.400 m² á klst.

Hako Jonas 800E
Rafráfrin og öflug sópvél
Afköst: 6.600 m² á klst.

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is

ASUS SMÁTÖLVUR

Öflugar og hljóðlátar borðtölvur sem hægt er að festa aftan á tölvuskjái.
Kraftmiklar og hraðvirkar með nýjustu kynslóð Intel örgjörva
og háhraða þráðlausri tengingu með nýrri AC tækni.



← RAUNSTÆRÐ: 19 sm →




VINNUSTÖÐVAR FRAMTÍÐARINNAR

VivoPC er spennandi nýjung frá Asus. Smátölvur sem hafa afköst og eiginleika stærri borðtölva. Fyrirtæki geta valið milli Intel Celeron, i3 eða i5 örgjörva eftir því hvað hentar vinnslu viðkomandi starfsmanns best. Intel HD skjástýring og hágæða hljómur með innbyggðum hátölurum og SonicMaster hljómtækni.

Glæsilega hönnuð og tekur lítið pláss á borði - aðeins 19 sm á breidd og lengd. VESA festing fylgir þannig að einnig hægt er að skrúfa smátölvuna aftan á tölvuskjá.

Traustur og hagkvæmur kostur fyrir þá sem vilja öflugar borðtölvur sem taka lítið pláss.



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

500 ÞÚSUND

Sektað vegna tilboðsbæklings

Tölvutek ehf. þarf að greiða 500 þúsund króna stjórnvaldssekt sem Neytendastofa hefur lagt á fyrirtækið. Neytendastofa hafði farið fram á skýringar á því af hverju fyrra verð vara í bæklings Tölvuteks, sem bar yfirskriftina „Desember Tilboð“, kæmi ekki fram. Fyrirtækinu var eftir það bannað að auglýsa vörur sem ekki eru á lækkuðu verði á tilboði.

21.04.14. „Þar liggja Danir í því að hafa ekki gömlu góðu íslensku krónuna sem öllu reddar. Hvernig stendur á því að danskir atvinnurekendur vilja evru? Lesa þeir ekki Staksteina? Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var víst mjög fámáll þegar hann snæddi kvöldverð með Margréti Þórhildi Danadrottningu nýverið. Hann gaf þá skýringu að hann væri slakur í dönsku. Nú kæmi sér vel að forsætisráðherrann okkar væri „pá talefod med danskere“.



Sveinn Andri Sveinsson
hæstaréttarlögmaður.

Í 15 LÖNDUM

Samið um sölu á íslensku vatni

Icelandic Water Holdings hefur gert samning við bandarísku verslunarkeðjuna Whole Foods Market um sölu á vatninu Icelandic Glacial. Vatnið er nú fánlegt í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Rússlandi, Singapúr, Hollandi, Belgíu, Lúxemborg, Úkraínu, Kína, Suður-Kóreu, Ísrael, Perú, Taílandi og á Íslandi.



Hin hliðin

BJARNVEIG EIRÍKS-
DÓTTIR, HDL. LL.M.

Allt í plasti

Hver íbúi í Evrópusambandinu notar að meðaltali 198 plastpoka árlega (m.v. 2010). Það eru nær 100 milljarðar samtals, þar af fara 8 milljarðar út í umhverfið. Íslendingar nota 50 milljónir plastburðarpoka á hverju ári, að meðaltali 155 á mann. Pokarnir enda í vötnum og hafi og skaða dýralíf og náttúru. Á ströndum Bretlands má finna plastpoka að jafnaði með 23 metra millibili. Hættulegar plastagnir fara út í umhverfið og þaðan í fæðukeðjuna, dýr deyja kvalafullum dauðdaga ef þau leggja sér pokana til munns eða flækjast í þeim. Mikið magn olíu fer í framleiðslu pokanna.

Lög á pokana?

Á Íslandi eru plastburðarpokar selðir í búðum og rennur hlutfall af hagnaði í Pokasjóð, sem er samstarfsverkefni verslana. Núgildandi Evrópureglur um umbúðir setja skorður við því hvernig stjórnvöld mega takmarka notkun plastpoka. Á Írlandi og í Danmörku eru plastpokar skattlagðir. Eitt ESB-ríki, Ítalía, hefur sett lög sem banna plastburðarpoka en heimila tiltekna (en þó ekki alla) plastpoka sem brotna niður í umhverfinu. Umdeilt er hvort ítalska leiðin sé umhverfisvæn. Framkvæmdastjórn ESB hefur sent ítölskum stjórnvöldum bréf vegna málsins en það virðist í biðstöðu vegna plastpokareglna sem eru í undirbúningi hjá ESB.

Samkvæmt tillögu Framkvæmdastjórnar ESB sem Evrópuþingið er að fjalla um þessa dagana yrðu ríkin að takmarka notkun plastpoka. Matvöruverslunum yrði bannað að gefa poka að undanskildum örþunnum pokum sem verða takmarkaðir frá árinu 2019 og umhverfisvænni umbúðir kæmu í staðinn. Slíkt bann myndi ekki gilda í öðrum viðskiptum en þó skyldi hvetja viðskiptalíf til að minnka notkun. Heimilt yrði meðal annars að banna plastpoka, þó þannig að slíkt fæli ekki í sér ólögmarar viðskipta-hindranir. Evrópuþingið hefur lagt til að ríkin þurfi að grípa til aðgerða til að minnka notkun plastpoka um 50% miðað við meðaltal ársins 2010 innan þriggja ára frá gildistöku tilskipunarinnar og um 80% innan fimm ára. Ekki eru allir á eitt sáttir og í athugasemdum hagsmunaaðila, meðal annars frá iðnaðinum, segir að þetta verði of íþyngjandi fyrir verslunina.

Er eftir einhverju að bíða?

Pokatilskipunin mun væntanlega verða tekin upp í EES-samninginn og þá verður skylt að grípa til aðgerða hér á landi. Verði endanleg útgáfa eins og Evrópuþingið hefur lagt til, munu ríki þar sem notkun minnkar miðað við 2010 njóta þess við mat á árangri, hvernig sem hann er til kominn. Ljóst virðist að takmarka þarf notkun verulega. Er eftir einhverju að bíða?



SKEIÐARÁRSANDUR

1.000 km² Landsvæði milli Óræfa og Fljótshverfis

SKEIÐARÁ

20-30 km Frá jaðri Skeiðarárjökuls til sjávar

Þetta er eins og í náttúrunni

Þegar sterkir straumar koma saman losnar kraftur úr læðingi

Stefnir – Samval er fjárfestingarsjóður og fjárfestir í þeim eignaflokkum sem þykja ákjósanlegastir á hverjum tíma, m.a. ríkisskuldabréfum, innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum og í félögum sem fyrirhugað er að skrá á hlutabréfamarkað. Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í uppbyggingu hlutabréfamarkaðarins frá 2010.

Stefnir – Samval er góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglulegan sparnað. Hægt er að vera í áskrift frá 5.000 kr. á mánuði.

Öflugur sjóður í virkri stýringu

Þann 31. janúar 2014 sameinuðust þrjú sjóðir Stefnis hf., dótturfélags Arion banka, undir merkjum Stefnis – Samvals. Þar með varð til stór og öflugur sjóður, eitt af flaggskipum Stefnis.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði fyrir einstaklinga og fjárfesta. Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð. Fjárfestingarsjóður telst almennt vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta meðal annars leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þar á meðal nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti útboðslýsingar sjóðsins sem nálgast má í útibúum Arion banka eða á www.stefnir.is/sjodir.